Samsýning 11 listamanna VETRARMYND




Bragi Hannesson.


„Grænt og grátt ríkjandi í okkar landi“

„Á ferðalögum mínum um landið rissa ég gjarnan upp það sem mér finnst áhugavert, aðallega í landslaginu, og síðan mála ég þegar heim er komið,“ sagði Bragi Hannesson listmálari og bankastjóri, en hann hefur tekið þátt í öllum sýningum Vetrarmyndar.

„Oft reyni ég að ná fram náttúrustemmningunum frá stöðunum sem heilla mig og þá spila saman form, litir, veður og þótt myndirnar séu naturaliskar þá eru þær að stórum hluta skáldverk um upplifunina. Hér er til dæmis mynd frá Þórsmörk, en það má segja að það sé mín Þórsmörk því ég bý hluta af myndinni eftir mínu höfði, legg áherslu á jökulinn, gilið og það græna og gráa. Ísland er svo grænt og grátt, það eru ríkjandi litir í okkar landi.“



Hluti úr einni af myndum Braga þar sem Kirkjan og Fjallið gnæfa.



Hringur við eitt verka sinna.


„Treysti ekki rafljósum“

„Það er allt gott að segja um Vetrarmynd sagði Hringur Jóhannesson listmálari í stuttu spjalli,“ það er ákveðinn kjarni listamanna en reynt er að velja án þess að menn séu bundnir einni eða annarri stefnu, það er aðalinntakið í málinu.

Jú, ég afla mest fanga yfir sumartímann, veturinn fer meira í kennslu. Ég á svo erfitt með að mála í skammdeginu, verð að hafa dagsbirtu og þar með detta einir þrír mánuðir úr. Á þeim tíma vinn ég þó að ýmsu öðru en mála með olíu, pastel eða teikna, t.d. gríp ég í bókaskreytingar.

Nei, ég treysti ekki almennilega rafljósum og það er því eins gott að það sé bjart.

Í vetur vann ég að bókaskreytingu fyrir japanskan útgefanda, sem er að gefa út þjóðsögur ýmissa landa og hann valdi Búkollu frá Íslandi. Það var ekki hægt að neita því verki og ég vann yfir 20 litkrítarmyndir í bókina.“



Hluti úr biðukollu Hrings

Níels Hafstein.



„Fallast í faðma á miðri leið“


„Ég er þátttakandi í Vetrarmynd í fyrsta lagi vegna þess að ég tel að myndlistarmenn sem hafa lengi haldið einkasýningar hafi tilhneigingu til þess að fjarlægjast skoðendur því oft eru einkasýningar settar upp eftir duttlungum listamannanna.“ sagði Níels Hafstein, „en nú reyni ég að koma til móts við áhorfendur án þess að slaka á kröfunum.

Í öðru lagi vil ég undirstrika vilja til þess að bera klæði á vopnin þar sem það tíðkast mjög að listamenn séu flokkaðir í margs konar hópa þar sem þeir sinna mismunandi viðfangsefnum og í þriðja lagi eru hér á ferðinni ágætis listamenn sem gaman er að sýna með.“

Níels kvað verk sitt á sýningunni vera nýtt, unnið daginn áður en sýningin var opnuð, en hugmyndin væri 10 ára gömul.

„Þetta verk sem heitir Sundfugl og straujárn, er byggt upp á mýkt og hörku, úr pappír og eir. Það er um að ræða formið í fuglinum og straujárninu, sem er það sama í aðalatriðum.

Þegar fuglinn syndir á vatninu kemur lygna á eftir honum og þegar straujárnið fer um krumpaðan dúk verður hann sléttur. Þannig tengi ég saman mýkt og hörku þar til báðir hlutir mætast á miðri leið og fallast í faðma.“



„Að fallast í faðma á miðri leið“

Samvinna um glerull

Hjónin Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð sýna úr ávöxtum samvinnu sinnar í Vetrarmynd.

„Samvinnan er þannig að við ákveðum hvað við ætlum að taka fyrir, hvernig skal vinna það og litasamsetningu,“ sagði Leifur, „Við tökum þetta fyrir í lotum með 8—10 teppum þar sem ég geri frummyndir en Sigríður vefur.“

Sigríður: „Við höfum unnið dálítið í seríum, sett upp viss form og unnið saman að litasamsetningum.“

Leifur: „Þetta hefur verið samvinna í mörg ár, fyrst í glerinu þar sem Sigríður sér mikið um frágang og síðan í teppunum.“



Leifur og Sigríður við eitt verka sinna þar sem tvö veggteppi mynda eina heild eins og sjá má þegar að er gáð.




Sigríður: „Hann tók mig í sína þjónustu fyrir 10 árum og nú er ég búin að nappa honum. Þegar sonur okkar var eitt sinn spurður að því hvað við gerðum svaraði hann: „Pabbi brýtur glerið, en mamma setur það saman.“ Annars göntumst við stundum með það heima að það sem við séum að vinna sé eins konar glerull.“

Leifur: „Það er skemmtilegt að vinna svona saman, ræða málin og við finnum alltaf eitthvað nýtt. Þetta hefur gengið mjög vel.“

Sigríður: „Leifur lærði í Bretlandi og vann þá jöfnum höndum með gler og myndvefnað.“

Leifur: „Það er margt líkt með þessu tvennu.“

Sigríður: Það hefur verið sagt að eini munurinn á þessum efnum sé sá að ljósið kemst í gegnum glerið, en ekki ullina.“



Ullin býður af sér hlýlegan þokka í vefnaðinum.

„Pabbi brýtur glerið, en